

5. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn 31. ágúst 2010, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2010
 2. Fundargerðir:
 - a) Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd frá 24. ágúst 2010
 - b) Fræðslunefnd frá 12. ágúst 2010
 - c) Jafnréttisnefnd frá 11. ágúst 2010
 - d) Brunavarnir A-Hún frá 12. júlí 2010
 - e) Stjórnar SSSV frá 10. ágúst 2010
 - f) Stjórnar SSSV frá 12. ágúst 2010
 - g) Félags- og skólaþjónusta A-Hún frá 5. júlí 2010
 - h) Stjórnar Norðurár bs. frá 28. júlí 2010
 - i) Stjórnar Norðurár bs. frá 16. ágúst 2010
 - j) Stjórnar Norðurár bs. frá 18. ágúst 2010
 3. Erindi frá Blönduóskirkju
 4. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 13. júlí 2010
 5. Erindi frá Knattspyrnusambandi Íslands dags. 14. júlí 2010
 6. Erindi frá Æskulýðs- og tómstundanefnd Blönduósbæjar dags. 20 júlí 2010
 7. Bréf frá Byggðastofnun frá 18. ágúst 2010
 8. Bréf frá Hafnarsambandi Íslands frá 16. ágúst 2010
 9. Trúnaðarmál:
 - a) Umsóknir um skólavist utan lögheimilis
 10. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2010

Fjármálastjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir endurskoðun fjárhagsáætlunar 2010.

Bæjarráð óskar eftir að Framkvæmdanefnd um byggingu sundlaugar skili greinargerð og geri grein fyrir einstökum kostnaðarliðum. Bæjarráð óskar jafnframt eftir að umrædd greinargerð liggi fyrir í lok september.

Bæjarráð vísar endurskoðun fjárhagsáætlunar til bæjarstjórnar.

Fjármálastjóri yfirgefur fundinn.

Bæjarráð fjallaði um opnunartíma sundlaugar.

Fyrir liggja tillögur forstöðumanns íþróttamannvirkja um opnunartíma sundlaugar í vetur. Bæjarráð samþykkir tillögu A sem felur eftirfarandi í sér:

Mánudaga-fimmtudaga	6:45-09:00 og 15:00-20:00
Föstudaga	6:45-09:00 og 15:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	10:00-16:00

Ofangreindur opnunartími verður endurskoðaður fyrir lok október.

2. Fundargerðir:

a) Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd frá 24. ágúst 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðinni er vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

b) Fræðslunefnd frá 12. ágúst 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðinni er vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

c) Jafnréttisnefnd frá 11. ágúst 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðinni er vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

d) Brunavarnir A-Hún frá 12. júlí 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar SSNV frá 10. ágúst 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

f) Stjórnar SSNV frá 12. ágúst 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

g) Félags- og skólapjónusta A-Hún frá 5. júlí 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

h) Stjórnar Norðurár bs. frá 28. júlí 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

i) Stjórnar Norðurár bs. frá 16. ágúst 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

j) Stjórnar Norðurár bs. frá 18. ágúst 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

3. Erindi frá Blönduóskirkju

Lagður er fram samningur milli Blönduósbæjar og Blönduóskirkju. Blönduósbær styrkir Blönduóskirkju sem nemur fasteignagjöldum kirkjunnar ár hvert og sumaropnun kirkjunnar sem nemur kr. 150.000.

Bæjarráð samþykkir samninginn.

4. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 13. júlí 2010

Samband íslenskra sveitarfélaga hyggst standa fyrir námskeiði um lýðræði í sveitarfélögum 6. september n.k.

Lagt fram til kynningar.

5. Erindi frá Knattspyrnusambandi Íslands dags. 14. júlí 2010

KSÍ hefur útbúið bækling sem inniheldur upplýsingar um byggingu knattspyrnumannvirkja og þá umgjörð sem henta þykir fyrir íslenskar aðstæður.

Lagt fram til kynningar.

6. Erindi frá Æskulýðs- og tómstundanefnd Blönduósbæjar dags. 20. júlí 2010

Umrætt bréf var sent á Æskulýðs- og tómstundanefnd Blönduósbæjar. Bæjarráð áframsendir bréfið á nefndina.

7. Bréf frá Byggðastofnun frá 18. ágúst 2010

Byggðastofnun hyggst kanna stöðu byggðalaga sem búa við langvarandi fólksfækkun. Byggðastofnun mun óska eftir fundi til að ræða við forsvarsmenn sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Hafnarsambandi Íslands frá 16. ágúst 2010

Stjórn Hafnarsambands Íslands boðar til 37. afnarsambandsþings á Hótel Stykkishólmi, dagana 23. og 24. september 2010.

Lagt fram til kynningar.

9. Trúnaðarmál:

a) Umsóknir um skólavist utan lögheimilis

Fært í trúnaðarbók

10. Önnur mál

a) Umsögir vegna leyfa samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði

Bæjarráði hefur borist bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfa á grundvelli laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti og veitir jákvæða umsögn um eftirfarandi fyrirtæki.

1) Með Kaffinu ehf. kt. 540710-0900

Oddný M. Gunnarsdóttir tók ekki þátt í umræðum og afgreiðslu málsins.

2) Blanda ehf. kt. 520308-0400

Zophonías Ari Lárusson tók ekki þátt í umræðum og afgreiðslu málsins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:45

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)